



Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa Lífeyrissjóðsins til næstu þriggja ára.

Ég hef brennandi áhuga á lífeyrismálum og bý jafnframt yfir víðtækri þekkingu á fjármálum í gegnum störf mín og nám. Markmið mitt og tilgangur með framboðinu er að gæta hagsmuna sjóðfélaga með því að ávaxta fjármuni með tilliti til áhættu og hafa hagsmuni sjóðfélaga ávalt að leiðarljósi. Ég hef verið stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 2009 og setið í endurskoðunarnefnd Frjálsa lífeyrissjóðsins frá árinu 2014 og formaður nefndarinnar síðastliðin átta ár.

Ég útskrifaðist sem rekstrarhagfræðingur frá háskólanum í Álaborg árið 1987 og hlaut mastergráðu (Cand Merc) frá sama skóla árið 1989. Ég útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólaum í Reykjavík.

Í dag starfa ég sem fjármálastjóri Árvakurs og hef verið það frá árinu 2016. Áður starfaði ég við breytingastjórnun í 14 ár í ýmsum fyrirtækjum ýmist sem ráðgjafi, framkvæmdastjóri, forstjóri eða stjórnarformaður. Meðal fyrirtækja sem ég starfaði fyrir voru Húsasmiðjan, Opin kerfi group, Á árunum 1997-2002 var ég framkvæmdarstjóri fjármála- og rekstrarsviðs Íslenskar erfðagreiningar. Ég hef ennfremur setið í ýmsum stjórnnum undanfarin ár og hef yfir 30 ára reynslu sem stjórnandi.